



STAÐHÉTTIR OG AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur í samráði við Vegagerðina unnið deiliskipulag af efnistökusvæði meðal annars vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við Hringveg (1) um Hornafjörð. Deiliskipulagið tekur til efnistökusvæðis sem skilgreint er í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 (E35, Náma 6).

Efnistökusvæðið er í Melsendhrauni á Skógeyjarsvæðinu. Um er að ræða þetta jökulsorfnu póleitt klöpp eða hvalbak sem ris í 14 hæð upp úr söndunum í Skógey og vísar brattur hamraveggur til suðurs en afliðandi halli er til norðurs. Yfirborð holtsins er grasi gróið en í suðurhlíðum þess hefur sandur fokið upp í miðjar hlíðar á klettahamrinum og hylur hann að stórum hluta hamarinn. Leggja þarf veg að námunni.

Markmið deiliskipulagsins er að afmarka framtíðar efnistökusvæði fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð. Efni úr námunni verður m.a. nýtt í nýjan Hringveg (1) um Hornafjörð.

Stefna

Deiliskipulagið er unnið á grundvelli gildandi Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar (Hringvegur um Hornafjörð – Matskýrsla, 2009).

Efnistökusvæðið er á aðalskipulagi Sveitarfélagsins. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu eða í næsta nágrenni sem deiliskipulagið gæti haft áhrif á. Umhverfis námuna er landnotkun skilgreind sem skógræktarsvæði. Unnið hefur verið að landgræðslu í Skógey síðan 1984 og er því er nú að mestu lokið.

Náttúru- og fornminjar

Ekki er um sérstæðar jarðmyndanir að ræða né gróðurfar en svæðið er nokkuð áberandi og því telst svæðið hafa meðal verndargildi.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda var unnin af Fornleifaðild Byggðasafns Skagfirðinga ásamt Byggðasafni Árnesinga. Gerð var heimilda- og vettvangsskráning á þeim jörðum sem mögulegar veglínur liggja um ásamt tengileiðum og efnistökusvæðum. Skráning á vettvangi fór fram dagana 6. – 8. júní 2006 (Hringvegur um Hornafjörð – Matskýrsla, 2009). Engar fornminjar fundust nálægt efnistökusvæðinu en ef áður óþekktar fornminjar finnast við efnistöku verður það tilkynnt til Minjastofnunar sbr. 24 gr. laga um menningaminjar 80/2012.

TÍMABUNDIN SKIPULAGSÁKVÆÐI

Efnistaka

Gert er ráð fyrir að námusvæðið í Skógey verði um 110.000 m² að stærð. Efnistaka verður að hámarki 190.000 m³. Í fyrsta áfanga efnistökkunnar verður efnið notað í framkvæmdir við Hringveg en síðar er áætlað að náman verði opin á vegum Sveitarfélagsins.

Umhverfisáhrif

Helstu umhverfisáhrif eru sjónræns eðlis þar sem holtið ris fremur hátt yfir umhverfi sínu (Hringvegur um Hornafjörð – Matskýrsla, 2009).

Frágangur og mótvægisáðgerðir

Frágangur verður hannaður með það í huga að draga sem mest úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar. Þannig fá barmar holtsins að halda sér að mestu og leitast verður við að fella fláa námustálsins að öröskuðum svæðum á jörðum efnistökusvæðisins. Frágangur efnistöku vegna framkvæmda við Hringveg í Hornafirði verður hluti af útboði verkisins.

Umsagnaraðilar

Lögbundnir umsagnaraðilar vegna efnistöku í Skógey eru m.a. Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar þann _____

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Deiliskipulag þetta var samþykkt í skipulagsnefnd _____ og í bæjarstjórn _____

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Dags Breyting

SKÝRINGAR



Landmálfr.: Vegagerðin
Hnitakerfi: ISN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmálfr.: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Mörkvæðing: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin



Sveitarfélagið Hornafjarðar

Hafnarbraut 27, 780 Höfn
Sími: 470 8000
afgreidsla@hornafjordur.is

Vegagerðin	
Málsvæði	Hannað SOS
1:50.000	Teknað MO
1:10.000	Yfirfaró -
Blástaðir A3	Samþykkt -

Hringvegur um Hornafjörð

Náma 6 - Skógey

Deiliskipulag

Efnistökusvæði

Dags	14.03.2017
Útbodnr.	-
Vegnr.	1v6-v7
Hönnunartíð	Stjórnun
Tekn. nr.	X-04
Ulg.	A